

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Áfangaheiti BSF 501 Kennsluáætlun 5. Önn 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1		

Kennari	Kristján B. Jónsson	Sk.st.	KBJ
----------------	---------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið yfir loftfjöðrunarkerfi í smáum og stórum ökutækjum: Framleiðslukerfi, loftbelgi, loft- og segulloka, þungaskynjunar- og hæðarstilliloka og höggdeyfa. Skoðun og skipti á loftfjöðrunarbelg. Stillingar á hæðarstilliloka. Handvirk hæðarstilling yfirfarin. Heildarskoðanir á undirvagni, þ.e. stýris-, fjöðrunar- og hjólabúnaði ökutækja.

Markmið:

Nemandi þekki. Uppbyggingu loftfjöðrunarkerfa í fólks-, flutninga- og hóp bifreiðum
Nemandi geti. Prófað loftfjöðrunarkerfi og íhluti þeirra, gert stillingar og viðgerðir á loftfjöðrunarkerfum

Námsgögn:

Modern Automotiv Technology 1. Útg. 2006.
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.
Verkefnablöð kennara.

Áætlun um yfirferð:

Farið yfir námsefni lotunnar, fjallað um ýmsar gerðir fjöðrunar, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra, virkni fjöðrunarkerfa, viðgerðir og viðhald þeirra. Skoðaðir íhlutir bæði lausir og í ökutækjum.
Nemendur vinna verkefni þar sem mælingar eru gerðar á loftfjöðrun og stýringum fyrir hana.
Farið er yfir hvaða atvik eða bilanir sem geta komið upp í fjöðrunarkerfum. Hvernig staðið skuli að viðgerð á fjöðrunarkerfum með áherslu á hvað má og má ekki í umgengni og viðgerðir á fjöðrunarkerfum.
Nemendur skila tveimur heimaverkefnum, vinna verkefni í bílum og svo er skriflegt lokapróf.

Verkefni:

Verkleg verkefni, heimaverkefni og lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.
Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilinn er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils